

9. mars 2009

Stjórnvaldssekt vegna brots á 127. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Þann 4. desember 2008 tók stjórn Fjármálaeftirlitsins ákvörðun um að sekta Marel Food Systems hf. vegna brots á 127. gr. laga nr. 107/2008 um verðbréfavíðskipti (vvl.).

Fjármálaeftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að Marel Food Systems hf. hefði brotið gegn 127. gr. vvl. með því að birta ekki tilkynningu innan tilskilinna tímamarka um víðskipti tveggja fjárhagslega tengdra aðila stjórnarformanns félagsins, Árna Odds Þórðarsonar.

Um var að ræða kaup á hlutum í félaginu þann 15. maí 2008 og var Fjármálaeftirlitinu tilkynnt samdægurs um víðskiptin skv. ákvæði 126. gr. vvl. Hins vegar var ekki send tilkynning um víðskiptin til skipulegs verðbréfamarkaðar þegar í stað líkt og 127. gr. vvl. kveður á um heldur þann 20. maí 2008 eftir ábendingu Fjármálaeftirlitsins þar um. Var því markaðurinn ekki upplýstur um víðskiptin fyrir en þremur víðskiptadögum síðar. Fram kom í samskiptum Fjármálaeftirlitsins við félagið að umrædd háttsemi hefði átt sér stað vegna mistaka og að um einfalt gáleysi hefði verið að ræða og að félagið hefði farið betur yfir ferli tilkynninga í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að slík mistök ættu sér stað aftur.

Með hliðsjón af málsatvikum bauð Fjármálaeftirlitið félaginu að ljúka málinu með sátt þar sem það taldi að ekki væri um meiri háttar brot að ræða. Félagið hafnaði sáttinni og var því málinu lokið með ákvörðun stjórnar Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið taldi með vísan til atvika máls að öðru leyti, stjórnvaldssekta í sambærilegum málum og 141. gr. vvl. að hæfileg sekt væri kr. 1.000.000,-.